

LÖG

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs,
sbr. lög nr. 1/1992 og lög nr. 50/1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað 9. tölul. koma þrjú töluliðir er orðast svo:
 9. Leyfi til váttryggingarmiðlunar 50.000 kr.
 10. Bráðabirgðaleyfi til váttryggingarmiðlunar 10.000 kr.
 11. Leyfi til fasteignasölu 50.000 kr.
- b. Á eftir 20. tölul., er verður 22. tölul., koma fjórir nýir töluliðir er orðast svo:
 23. Áfengisinnflutningsleyfi 15.000 kr.
 24. Áfengisheildsöluleyfi 30.000 kr.
 25. Árlegt eftirlitsgjald þeirra sem hafa leyfi til innflutnings og heildsölu með áfengi og tóbak, sbr. lög nr. 63/1969, með síðari breytingum, 5.000 kr.
 26. Árlegt eftirlitsgjald framleiðenda áfengis 50.000 kr.
- c. Röð annarra töluliða breytist í samræmi við breytingar skv. a- og b-liðum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Í stað 1. tölul. koma tveir töluliðir er orðast svo:
 1. Skráning hlutafélags og samvinnufélags 150.000 kr.
 2. Skráning einkahlutafélags 75.000 kr.
- b. Á eftir 4. tölul., sem verður 5. tölul., koma tveir nýir töluliðir, sem verða 6. og 7. tölul., er orðast svo:
 6. Umskráning hlutafélaga í einkahlutafélög 5.000 kr.
 7. Umskráning einkahlutafélaga í hlutafélög 75.000 kr.
- c. Röð annarra töluliða breytist í samræmi við breytingar skv. a- og b-liðum.

3. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma hingað einvörðungu vegna fiskveiða og vöru- og flutningaskip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 20 kr. af hverju nettótonni skipsins. Hálf nettótonn eða þar yfir telst heilt. Af farþegaskipum skal greiða fjórðung gjalds.

4. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fyrir eftirgerð af hljóðupptökum skal greiða eftirfarandi gjald:

1. Fyrir eftirgerð af hljóðupptöku, 90 mín., 400 kr.
2. Fyrir eftirgerð hljóðupptöku, 60 mín., 350 kr.
3. Fyrir eftirgerð myndbandsupptöku 1.000 kr.

5. gr.

19. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Heiti X. kafla laganna verður: **Ljósrit, endurrit og eftirgerð.**

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 88 31. desember 1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., sem orðast svo:

Tryggingagjald samkvæmt lögum þessum er samsett af tveimur gjöldum, almennu tryggingagjaldi og atvinnuþryggingagjaldi.

2. gr.

Í stað 1. mgr. 2. gr. laganna koma þrjár málsgreinar er orðast svo:

Atvinnuþryggingagjald skal vera 1,5% af gjaldstofni skv. III. kafla.

Fyrir lok október ár hvert skal Atvinnuleysistryggingasjóður gefa fjármálaráðherra skýrslu um fjárhagslega stöðu sjóðsins þar sem gerð verði grein fyrir fyrirsjáanlegum útgjöldum á næsta fjárhagsári með hliðsjón af fyrirliggjandi spá Þjóðhagsstofnunar um atvinnuleysi og öðrum atriðum sem áhrif hafa á fjárhagslega stöðu sjóðsins. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta atvinnuþryggingagjalds skal fjármálaráðherra flytja frumvarp þar að lútandi á Alþingi.

Almennt tryggingagjald skal lagt á í tveimur gjaldflokkum, sérstökum og almennum. Í sérstökum gjaldflokki, sbr. 4. mgr., skal hundraðshluti gjaldsins vera 2,05% af gjaldstofni og í almennum gjaldflokki, sbr. 5. mgr., skal hundraðshluti gjaldsins vera 5,35% af gjaldstofni.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Tekjur af atvinnuþryggingagjaldi skulu renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Tekjum af almennu tryggingagjaldi skal ráðstafað sem hér segir:

1. Vinnueftirlit ríkisins fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,08% af gjaldstofni skv. III. kafla. Þetta hlutfall skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur í samráði við stjórn stofnunarinnar fyrir eitt ár í senn.